



Reykjavík 24. febrúar 2017

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, 128 mál.**

Samtök ferðafjónustunnar (samtökin) hafa farið yfir frumvarp til laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi og hafa eftirfarandi athugasemdir.

#### **Ferðafjónustuleyfi - heimild til að nýta allt að 8 manna bifreiðar í hópþingum**

Samtökin hafa lengi bent á að gríðarlega mikilvægt er að geta nýtt minni farartæki í ferðafjónustu enda er eftirspurn eftir slíkum ökutækjum mjög mikil. Þá er ljóst að minni bifreiðar eru bæði umhverfisvænni og öruggari. Þá er bent á að minni bifreiðar geta oft hentað betur fyrir flutning með hreyfihamlaða farþega. Ferðafjónustan hefur lengi átt í samræðum við stjórnvöld um þessi mál án niðurstöðu. Samtökin leggja til að eftirfarandi grein verði bætt inn í frumvarpið:

#### *Ferðafjónustuleyfi.*

*Samgöngustofu er heimilt að veita sérstakt leyfi til farþegaflutninga við ferðafjónustu. Auk þeirra skilyrða sem fram koma í þessari grein skal leyfið bundið sömu skilyrðum og almennt rekstrarleyfi.*

*Skilyrði ferðafjónustuleyfis er að það sé notað í tengslum við ferðafjónustu og skal umsækjandi hafa annaðhvort rekstrarleyfi sem ferðaskipuleggjandi eða ferðaskrifstofa. Þjónustan skal veitt samkvæmt fyrir fram umsömdu gjaldi, eigi skemur en sem hálf dagsferð eða sem hluti af annarri viðurkenndri ferðafjónustu, þ.m.t. flutningur farþega til og frá sérhæfðri affreyningu sem er hluti af ferðafjónustu.*

*Ökutæki ferðafjónustuleyfishafa skulu vera merkt rekstraraðila.*

*Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um skilyrði fyrir veitingu ferðafjónustuleyfis, um eiginleika ökutækja, sérstakar merkingar og önnur nauðsynleg atriði m.a. um heimild og skilyrði til að nota bílaleigubíla undir ferðafjónustuleyfi.*

#### **Eðalvagnaleyfi**

Nýlega voru gerðar breytingar á reglugerð um eðalvagna sem einfaldaði nokkuð möguleika á að nýta slíka bíla í hefðbundnum hópþingum. Eðalvagnaleyfi fylgir þó enn lögum um leigubílaakstur sem gerir rekstraraðilum hópþingum erfiðara fyrir að reka slíkar bifreiðar. Þess ber að geta að á Norðurlöndum hafa rekstraraðilar hópþingum heimild til að skrá eðalvagna á sín leyfi til jafns við rekstraraðila leigubíla. Samtökin leggja til að eftirfarandi grein verði bætt inn í frumvarpið:

#### *Eðalvagnar.*

*Samgöngustofu er heimilt að veita rekstrarleyfishöfum hópþingum leyfi til reksturs eðalvagnafjónustu. Auk þeirra skilyrða sem fram koma í þessari grein skal leyfið bundið sömu skilyrðum og almennt rekstrarleyfi. Leyfið skal ávallt vera bundið því skilyrði að bifreiðin sé notuð í þeim tilgangi og með þeim búnaði sem ákvæði þessara laga gera ráð fyrir.*

*Bifreiðin skal vera útbúin sem sérstök viðhafnarbifreið og þannig verulega frábrugðin í þægindum, útliti, búnaði og fjónustu annarra bifreiða í atvinnuakstri*

*Eðalvagn má einungis nota til aksturs farþega gegn umsömdu gjaldi samkvæmt fyrir fram gerðri þönton á fjónustu þeirra. Eðalvagnar eru undanþegnir ákvæðum um gjaldmæla og merkingar.*

*Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um skilyrði fyrir veitingu leyfis til eðalvagnafjónustu, um eiginleika bifreiða og önnur nauðsynleg atriði m.a. um heimild og skilyrði til að nota bílaleigubíla sem eðalvagna.*

## Heimild til að nýta minni bifreiðar í reglubundnum og sérstökum reglubundnum fólksflutningum

Í drögum að því frumvarpi sem hér um ræðir kom eftirfarandi fram um inntak einkaréttar skv. 7. gr. kemur eftirfarandi fram: „Á þessum leiðum voru notaðir bilar ætlaðir fyrir 12–40 farþega enda óheimilt að nota bifreiðar fyrir færri en átta farþega til að þjóna þessum leiðum. Það má öllum vera ljóst að þetta kerfi var óhagkvæmt, óskilvirkt og umhverfislega óverjandi“. Í fyrirliggjandi frumvarpi er ekki gert ráð fyrir því að hægt verði að nota bifreiðar fyrir færri en átta farþega á þessum vettvangi. Mikilvægt að slíkt verði heimilt bæði í reglubundnum og sérstökum reglubundnum ferðaþegaflutningum til að gæta jafnræðis og til mæta öryggis- og umhverfissjónarmiðum.

Samtökin fagna því að í umræddu frumvarpi eru tekin af öll tvímæli um að farþegaflutningar á forsendum ferðaþjónustu til ferðamannastaða og um ferðmannaleiðir, falli utan einkaréttar og handhafa einkaréttar þannig óheimilt að einoka slíkar leiðir. Samtökin fara fram á að orðalag skilgreiningar á óreglubundnum flutningum verði eftirfarandi: „Aðrir farþegaflutningar en þeir sem tilgreindir eru í m- og n-lið. **Með óreglubundnum flutningum er að jafnaði átt við flutning á fólki sem orðið hefur til fyrir frumkvæði viðskiptavinar eða leyfishafans sjálfs. Slíkar ferðir geta verið farnar með reglulegu millibili án þess að teljast reglubundnir flutningar**“ Samtökin leggja þetta til í ljósi þess að margar af þeim leiðum sem farnar eru að ferðamannastöðum eru ekki endilega tengdar hópum. Einstaklingar panta sér oft far á þessum leiðum sem og ferðaskrifstofur fyrir hönd bæði einstaklinga og hópa.

Samtökin leggja til að leyfi verði ótímabundin í samræmi við tillögur um einföldun regluverks og í samræmi við önnur lög sem breytt hefur verið á síðust misserum þ.m.t. lög um leigu skráningarskyldra ökutækja. Samtökin leggja einnig til að leyfi verði númeruð og þau birt á hópibifreiðum til að einfalda eftirlit og gera það skilvirkara.

Nauðsynlegt er að bregðast við auknum fjölda erlendra aðila sem bjóða þjónustu hópibifreiða og bílstjóra hér á landi án þess að skila sköttum og skyldum hér á landi. Þessir aðilar eru í samkeppni við innlenda aðila sem þurfa að hlíta ákvæðum laga og skila sköttum. Gera þarf kröfu í þeim lögum sem hér um ræðir og einnig öðrum lögum að erlendir aðilar með starfsemi eða búnað hér á landi setji við sama borð og innlendir aðilar og skrá sína starfsemi. Lagt er til að í fjórðu grein laganna verði bætt við ákvæði um að erlendum aðilum sem eru með starfsemi, starfsfólk eða búnað hér á landi og hafa leyfi til aksturs hópibifreiða á EES svæðinu, verði gert skylt að skrá starfsemi sína hjá Samgöngustofu.

Samtökin leggja til að gæða og tæknifröfur skv. 11 grein frumvarpsins verði felldar brott og markaðnum gert að stjórna öryggis- og gæðakröfum. Þar er bent á Vakann, gæðakerfi ferðaþjónustunnar. Núverandi kröfur um hópaleyfissskoðun eru íþyngjandi og ekki í samræmi við kröfur sem gerðar eru í nágrannaríkjum Íslands.

Samtökin lýsa sig reiðubúin að ræða einstaka þætti frumvarpsins við umhverfis- og samgöngunefnd og áskilja sér rétt til að koma með frekari umsögn um frumvarpið á seinni stigum.

Virðingarfyllst

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Gunnar Valur Sveinsson